

Myndhvörf

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Málarinn Magnús Kjartansson er ekki við eina fjölinna felldur í myndsköpun sinni, og það telst hann sanna áþreifanlega í Austursal Kjarvalsstaða um þessar mundir. Jafnvel svo að tala má um kúvendingu flestra sýnilegra myndgilda, en hvað sjálfa verk-tæknina snertir kennir maður handverk hans.

Þegar um jafn afgerandi breytingar er að ræða verða fyrstu áhrifin yfirþyrmandi, þannig að aðdáendur hans standa á öndinni, en hvorn veginn áhrifin svo þróaðast er erfitt að spá í. Sumir meðtöku þetta strax sem tímamót í list Magnúsar, en öðrum komu þessar breytingar spáskt fyrir sjónir, og svo voru þeir sem gátu í hvoruga löppina stigið. Það hafði nefnilega spurst út, að Magnús kæmi fram með ótrúlega sterka sýningu og voru því væntingarnar miklar, og þegar svo stendur á verða viðbrögðin gíska önnur, en í þeim tilvikum að væntingar eru minni og sýning kemur viðkomandi í opna skjöldu.

Á síðustu sýningu Kjartans í Listmunahúsinu í október 1992, mátti að vísu greina fyrirboða breytinga, en að þær yrðu jafn miklar hefur víst fæstum dottið í hug og því síður að fram sprytti myndmál trúarlegra líkinga. Umfang myndverkanna kemur líka á óvart, en hér er um að ræða gríðarmikla fleka. Á stundum skiptir hann þeim í tvennt, bæði vegna

stærðarinnar og svo til að koma að formrænni endurtekingu, trúarlegu tákni eða boðskap. Boðskapnum er vísast beint að skoðandanum til að auka á merkingarkraft myndverkanna, og um leið er líkast sem listamaðurinn skirskoti til talsambands við almættið. Stærðirnar og áherslurnar teljast naumast nýtt í nútímalist, en með sanni auka þau áhrifin til muna og þá einkum við fyrstu sýn. Menn hafa leikið þennan leik ytra um árabil og hér hefur hann til að mynda sést í myndum Sigurðar Örylgssonar og Jóns Óskars. Þessar miklu ýkjur í ummáli myndverka koma til skila vissum skyndihrifum, en með tímanum dregur jafnt og þétt úr þeim, og það eru einungis örfá verk sem viðhalda upprunalegum slagkrafti sínum og ferskleika.

Áhrifamátturinn er skyldur yfirstærðum í veggmyndum hvers konar t.d. kvikmyndahúsauglýsingum, sem geta verið hrifandi og taka mann með stormi, en dvínar í flestum tilvikum er fram líða stundir.

Listamenn leggja sig þannig í nokkra hættu með þess konar vinnubrögðum, því yfirstærðirnar einar standast ekki sem takmark í sjálfu sér, frekar en annað í myndlistinni er sækir lífmögn sín og frumkraft í óvænt skyndihrif. Stærðirnar verða að koma af þörf listamannsins til ábúðarmikilla vinnubrögða, eða einfaldlega löngun til að spreya sig á vettvangi yfirstærða og það hygg ég að liggja að baki pataldri Magnúsar Kjartanssonar að þessu sinni. Í öllu

falli fer hann létt með að vinna í minni stærðum og yfirleitt velkast stærðarhlutföll í myndrænum athöfnum lítið fyrir honum, því eins og góðir myndlistarmenn er hann er jafn fær í hinum smæstu formum — míniatúrium.

Magnús Kjartansson er einfaldlega vel menntaður listamaður, sem stöðugt er að þreifa fyrir sér. Lengi vel hefur hann verið á bólakafi í vinnsluferlum Sir Johns Herschels, er nefnast Cayontype progress og Van Dyke aðferðin, svo og Gumbicromate aðferð Fox Talbots, en hér er ljósmyndataekning hagnýtt á alveg sérstakan hátt. Þessi árátta Magnúsar að grúska í fortíðinni hefur vafalítið leitt hann á slóðir trúarlegra myndefna, og hafi myndverk hans verið þungbúin og torræð á sýningunni í Listmunahúsinu, eru þau opin og aðgengileg á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Að vísu eru þau yfirfull af óræðum táknum svo að minnir á surrealisma, en í flestum tilvikum eru þau hrein og bein hvað sjónrænar vísanir áhrærir. Fyrrum gátu myndir Magnúsar virkað sem litríkar felumyndir úr fortíðinni og honum var gjarnt að nota margvísleg tákni, sem hafa gengið aftur í nútímalist og voru mikið notuð af Joan Miró.

Einhver angi ljósmyndataekningur sem hann notaði virðist enn í fullu gildi, en nú rifur hann og tætir víðast hvar í yfirborðið og nær með því lífrænum og efniskenndum áhrifum.

En þessi sérstaka áferð, sem er trúlega fylgífiskur hliðarstarfa listamannsins í leirlist, og ég hef stundum átt erfitt með að fella mig við í málverki, er ekki horfin með öllu. Hún birtist helst í myndunum af Sambandshúsinu svo og myndinni „Upprísá“, sem er af fæti Krists með naglasárinu fyrir



Fenevjaskólinn I: Boðunin 1993. Olía, sag, tré og lím á striga.

miðju, en þær eru mun þyngri og raunsærri hinum verkunum og skera sig úr. Í myndinni „Næturganga“ kemur fram sterk surrealistísk skírskotun í manninum með krossinn, en hann er málaður þannig að minnir ekki svo lítið á ýmislegt í verkum Balthus, (Balthasar Klossowski de Rola). Og þótt málverkin séu fyrst og fremst Magnúsar, minna þau sterklega á sitthvað í nútímalist og þó segja megi að þau séu trúarlegs eðlis er í þeim lífsþjáning sem er nálæg og raunveruleg.

Þannig séð minna þau mig á sitthvað á sýningunni Inferno á Ríkislistasafninu í Kaupmanna-

höfn fyrir rúmu ári og eitt augnblik á málarann Michael Kvium, þó í sjálfu sér séu myndir þeirra gjörólíkar og þeir næsta frábrugðnir listamenn. Því að Kvium notar klassisku miðlana út í æsar og gerir engar tilraunir með efnid á milli handanna. Viðbót Magnúsar eru sérstæð efnistösk, en hann notar allt í senn olíumálningu, sag, tré og lím á striga. En í báðum tilvikum tekst þeim að stugga við skoðandanum og rífa hann upp úr værd hvunnudagsins.

Lífsþjáningin, sambandið við almættið og andstæð öfl úr neðra hafa þannig verið á dagskrá núlistamanna á undanföllum árum,

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík 30. og 31. janúar.



Sigríður Sigurðardóttir

hefur opnað kosningaskrifstofu að Flókagötu 39, 1. hæð. Skrifstofan er opin kl. 18.00 til 22.00 virka daga og 13.00 til 17.00 um helgar. Sími 17723 og 17724.

Stuðningsmenn

Útsöluinni lýkur í dag.
Útsölujakkar á sérstöku tilboðsverði.

Glugginn, Laugavegi 40

21150-21370

LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI
KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LOGGILTUR FASTEIGNASALI

Ný eign á fasteignamarkaðnum:

Stór og góð – gott verð

Sólrík 3ja herb. íb. tæpir 90 fm á 1. hæð við Álfheima. Sólsvalir. Ágætt nýstand. sameign. Vélapvottahús á jarðh. Vinsæll staður.

Einstaklingsíbúðir við:

Njálsgötu, 2ja herb. á 3. hæð, 44,5 fm nettó. Nýl. gler. Verð kr. 2,8 millj. Dunhaga, 2ja herb. á 1. hæð – jarðh. 56,1 fm. Innr. og tæki allt nýtt. Séríng. Sérpvottaðastaða.

Tryggvagötu, eins herb. íb. á 3. hæð, rúmri 30 fm. Ný og glæsileg. Húsið nýendurb. Verð kr. 2,8 millj.

Eignir óskast á skrá

3ja-4ra herb. góð íb. í borginni. Skipti mögul. á rúmg. sérh. í vesturb. Ennfremur óskast 4ra herb. íb. á 1. hæð m. bílsk. Skipti mögul. á glæsil. parh. í gamla-góða vesturb. Nánari uppl. á skrifst.

Viðskiptum hjá okkur fylgir ráðgjöf og traustar upplýsingar. Opið á laugardaginn.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs – Danmörk

Börnín sem töpuðu

Bókmenntir

Dagný Kristjánsdóttir

DANIR leggja fram tvær skáldsögur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Það eru bækurnar Gagnsæi (Transparence) eftir Suzanne Brøgger og Þeir sem ef til vill reynast hæfir (De måske egnede) eftir Peter Høeg.

Hið „ljúfa“ líf


Suzanne Brøgger (f. 1944) kom fyrst fram og vakti mikla athygli með bókinni Frelsa oss frá ástinni (Fri oss fra kjærligheten) árið 1973. Í bókinni afskrifar Suzanne kjarnafjölskylduna og hjónabandið og hyllir fjálsar ástir. Bókin var vel skrifuð, persónuleg og afar ögrandi. Suzanne varð sem sagt fræg og þar sem hún var, og er, glæsileg kona varð hún eitt vinsælasta fjölmiðlaefni í slúðurblöðum Norðurlanda allan áttunda áratuginn. Það að vera frægur og góðsögn er hins vegar tvíeggjað sverð.

Það er mikil örvænting í bók Suzanne Já (Ja), sem kom út árið 1983. Suzanne reynir þar enn einu sinni að segja lesendum sínum að hin persónulega aðferð sín við að skrifa sé aðferð, sé form, það sem hún segi frá sé ummyndaður veruleiki. Hún segir frá þeim sársauka og niðurlægingu sem lífsstefna hennar hafi kostað hana en samt segi hún „já“ við lífinu.

Í nýju bókinni Gagnsæi segir hún að á meðan hún skrifaði Já hafi hún stöðugt verið að reyna að segja „nei“ enda var líf hennar á þessu tímabili komið inn í blindgötu. Þegar maður leggur sjálfan sig að veði í bókum sínum og býður fólki að ganga í bæinn eru það



Suzanne Brøgger



Peter Høeg

ekki þeir sterku og siðmenntuðu sem vaða inn, heldur hinir: þeir brjáluðu, afbrigðilegu, tapararnir og sníkjudýrin. Suzanne eignaðist „tvífara“, geðklofa konu sem vildi lifa hennar lífi og byrjaði að gera það á óhugnanlegan hátt.

Gagnsæi er bók um mannleg samskipti, bókmenntir, heimspæki og trú, aðallega búddisma. Í öllu þessu leitir Suzanne að persónulegri kjölfestu, að sjálfsmynd, að styrk til að lifa eigin lífi. Niðurstæða hennar er að ef þú þorir ekki að lifa lífi þínu á þínum eigin forsendum kemur einhver annar, lifir því fyrir þig og drepur þig til að geta gert það í friði.

Hin sviknu börn

Peter Hoeg (f. 1957) gengur svo nærri lesanda í bókinni Þeir sem ef til vill reynast hæfir (De måske egnede, 1993) að maður er eftir

sig eftir lestur hennar. Bækur um áhrifin sem skrumskælt skólakerfi getur haft á viðkvæm börn hafa verið skrifaðar allt frá sögum Charles Dickens á nítjándu öldinni, en bók Peters Hoegs gerist í Danmörku á áttunda áratugnum.

Þeir sem ef til vill reynast hæfir segir frá þremur unglingum sem kynnast í heimavistarskóla í útjaðri Kaupmannahafnar árið 1971. Skólinn nýtur virðingar, viðurkenningar, er einkaskóli meira að segja. Unglingarnir þrír, Peter, Katarína og August, skilja ekki hvers vegna þeir hafa verið teknir í þennan skóla. Peter er skaddaður eftir uppedi á of mörgum munaðarleysingjahælum, móðir Katarínu dó úr krabba og faðir hennar hengdi sig hálfu ári síðar, August skaut foreldra sína með haglabysu. Þessi börn eiga að ganga í sama skóla og „eðlileg“ dönsk börn